# 83. fundur Fjölskylduráðs Múlaþings haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, þriðjudaginn 10. október 2023 og hófst hann kl. 12:45

**Fundinn sátu:**
Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eyþórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Eyþór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri, Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íþrótta- og æskulýðsstjóri og Marta Wium Hermannsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

**Fundargerð ritaði:** Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri

Á fundinum sátu áheyrafulltrúar leikskólans. Erna Rut Rúnarsdóttir, fulltrúi foreldra, Sigríður Alda Ómarsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Heiðdís Ragnarsdóttir, fulltrúi stjórnenda

**Dagskrá:**

**1. 202307040 - Fjöldi leikskólabarna skólaárið 2023-2024 og biðlisti yngstu barnanna eftir leikskólaplássi í júlí 2023**

Fyrir séð er að um áramót vanti leikskólapláss fyrir yngstu börnin á Héraði. Til að bregðast við þeirri þörf leggur fjölskylduráð til að færanleg kennslustofa við gamla Hádegishöfða verði flutt á leikskólalóða Tjarnarskógar við Skógarland. Fræðslustjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00**